

Borgarráð

Tillaga um skuldabréfaútboð vegna fjármögnunar á lífeyrisskuldbindingum

Lagt er til að borgarráð samþykki að fara í útboð á skuldabréfaflokkum borgarinnar 14. júní nk.

Greinargerð

Samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2017 er gert ráð fyrir að borgar-sjóður taki lán vegna framkvæmda á árinu 2017 fyrir allt að 3.012 mkr. Samkvæmt fyrirbyggjandi tillögu að viðauka við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2017 er gert ráð fyrir að auka lántöku borgarinnar um allt að 5.000 mkr. vegna fjármögnunar á framtíðarskuldbindingum við Brú lífeyrissjóð í samræmi við endurskoðaðar samþykktir lífeyrissjóðsins.

Gert er ráð fyrir að lántakan verði framkvæmd með stækkun á skuldabréfaflokkum borgarsjóðs, þ.e. skuldabréfaflokki RVK 53 1 (verðtryggður) og/eða skuldabréfalokki RVKN35 1 (óverðtryggður).

Tillagan felur í sér breytingu á samþykktri útgáfuáætlun skuldabréfa fyrir tímabilið jan-júní 2017. Miðað er við að fjármálastjóra verði heimilt að ákveða nánar fyrirkomulag útboðsins og fjárhæðir allt að 5.000 mkr. Markaðsaðstæður eru breytilegar og geta breyst ört og er því nauðsynlegt að hafa svigrúm varðandi fyrirkomulag útboða. Niðurstöður útboðsins og tillögur verða síðan lagðar fyrir borgarráð til endanlegrar afgreiðslu 15. júní nk.

Tillaga um útboðsdagsetningar fyrir seinni hluta ársins verða lagðar fyrir borgarráð síðar.

Dagur B. Eggertsson